

Matvælastofnun
b.t. Andra Snæs Þorsteinssonar
Austurvegi 64
800 Selfoss

Reykjavík, 10. mars 2022
UST202202-402/A.Þ.
08.12.01

Efni: Umsögn – Tilraunaleyfi fyrir skeldýrarækt í Hvammsfirði – Northlight Seafood ehf.

Vísað er til erindis Matvælastofnunar (MAST) er barst 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um tilraunaleyfi fyrir Northligh Seafood ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) vegna skeldýraræktar í Hvammsfirði.

Óskar MAST eftir umsögn Umhverfisstofnunar varðandi það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdarlýsing

Rekstraraðili sækir um tilraunaleyfi fyrir flekaræktun á kræklingi en í skoðun eru fimm svæði í miðjum Hvammsfirði. Í umsókn kemur fram að fyrsta sig framkvæmdarinnar er að kanna sjávarstrauma og þörungamagn sjávar til að ákvarða staðsetningu á ræktunarflekum.

Breiðafjarðarnefnd

Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði er á Breiðafirði sem er friðlýstur en um hann gilda lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja en löggin taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, er umhverfissráðherra til ráðgjafar um vernd svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að leitað sé til nefndarinnar áður en tilraunaleyfi er gefið út.

Erfðafræðiáhrif og áhrif ræktunar á botndýralíf

Í umsókn kemur hvorki fram hvert fyrirhugað framleiðslumagn er né tegund. Umhverfisstofnun telur að ef um lirlfur af svæðinu er að ræða sé ekki ástæða til að ætla að ræktunin valdi óæskilegum erfðafræðiáhrifum á krækling í firðinum. Enn fremur kemur ekki fram hvort einhver fóðrun muni eiga sér stað en ef svo er ekki telur stofnunin ekki ástæðu til að ætla að ræktunin hafi neikvæð áhrif á botndýralíf á ræktunarsvæðunum.

Umhverfisstofnun telur að þessi atriði þurfi að liggja fyrir áður en tilraunaleyfi er gefið út.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson,
sérfræðingur